

Skólaráðsfundur 15.10.2025

Mættir: Bylgja skólastjóri, Arnar Geir Ásgeirsson fulltrúi foreldra Kolbrún Ósk og Konný Hrund fulltrúar kennara, Guðlaug Stefanía fulltrúi almenns starfsfólks, Guðný Björg og Embla Ósk fulltrúar nemenda, Margrét Böðvarsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags.

1. mál – Sjálfsmat Sandgerðisskóla og umbætur

Sjálfsmat skólans verður birt á heimasíðu skólans fljótlega. Starfsáætlunin kynnt og samþykkt.

Allir kennarar eru í námi varðandi leiðsagnarnám. Stjórnendur fóru á námskeið hjá John Morris í farsælli forystu. Innleiðing á nýjum samræmdum prófum.

2. mál – valgreinar

Útihlaup val nemendur fóru og kepptu í hlaupi, það gekk mjög vel.

Góð þátttaka í golf vali sem er samvinnuverkefni við golfklúbbinn2.

3. mál – foreldraráð

Aðalfundur verður haldinn í október eða nóvember. Foreldraráðið fundar svo í framhaldinu varðandi veturinn.

4. mál – nemendaráð

Búið að skreyta bleikt í október, það verða seldar bleikar kökur í næstu viku og það verður bleikur dagur 24. október. Nemendaráð er að halda pílumót og verður með draugahús á hrekkjavökunni. Áfram símalausir föstudagar.

5. mál – önnur mál

Símamál rædd, mikilvægt að hafa skýrar reglur og fylgja þeim.

3., 6. og 9. bekkir tóku könnun varðandi umferðaröryggi sem verður fundað um í vikunni.